

Herriflakeppni SR á sunnudaginn

Miðvikudagur, 29. maí 2013 21:15



Herriflakeppni félagsins verður haldin á sunnudaginn kemur, 2.júní, á svæði félagsins í Álfnesi. Skotið verður á 100+300 metrum og verðlaun veitt fyrir hvort færi. Nánari upplýsingar á [bls.2 í viðburðaskjali](#) Mæting er kl.10:30 og hefst keppnin svo uppúr kl.11:00. Skráning á staðnum. Um framkvæmd mótsins sjá þeir Jói Vilhálms, Eiríkur Björns og Kristmundur Skarp. Steinar Einarsson er svo yfirdómari.